

## Ágrip

Allt frá því að Siglufjarðarvegur um Almennunga var lagður árið 1968 hafa skapast töluverð vandræði vegna sigs á og í kringum vegstæði hans, á um 5-6 km löngum kafla frá Hraunum og norður að Almenningsnöf. Umfangsmikil kortlagning og rannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu á undanförunum árum og áratugum til að finna orsakir þess sigsins. Þrjú stór og nokkur minni berghlaup hafa verið kortlögð á svæðinu. Nyrst er Tjarnardalaberghlaupið, svo Þúfnavallaberghlaupið og Hraunaberghlaupið syðst. Sameiginlegt með öllum þessum berghlaupum er að töluverð hreyfing er á efnismössum þeirra í dag, bæði þar sem vegstæðið liggur og eins utan þess. Mestar eru hreyfingarnar í Hrauna- og Tjarnardalaberghlaupunum þar sem hreyfingar nálgast um 1 m á ári við vegstæðið. Vísbendingar eru um að samband sé á milli veðurfars, þ.e.a.s. úrkomu og leysinga, og sikhreyfinga í berghlaupunum. Þegar jarðlög blotna þá minnkar stöðugleiki þeirra og auknar sikhreyfingar geta átt sér stað. Verkefni þetta gengur út á það að bera saman þekkta sögu hreyfinga á og við vegstæðið við veðurfar í aðdraganda þeirra. Eins verður rýnt í veðurfarsgögn allt frá því að vegurinn var lagður um Almennunga árið 1968 til dagsins í dag til að greina tíðni úrkomuatburða og leysingatímabila og bera saman við sögu hreyfinga. Með þeim samanburði verður hægt að sjá fjölda slíkra atburða og greina þá sem valdið hafa sikhreyfingum. Vísbendingar eru einnig um að undangröftur sjávar við frambrún berghlaupanna geti orsakað sikhreyfingar og verða aðgengileg gögn um ölduhreyfingar og tíðni storma einnig skoðuð.